



Reykjavík, 8. október 2014

GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU HB GRANDA VOPNAFIRÐI

INNGANGUR

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir fiskimjölverksmiðju HB Granda á Vopnafirði á tímabilinu 9. júlí til 3. september 2014. Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Vinnueftirlitsins. Fyrir lá ákvörðun Skipulagsstofnunar um að aukin afköst fiskimjölverksmiðjunnar séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Vinnueftirlitið gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Umsækjandi gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRITILLÖGU

- Grein 1.2 væri breytt á þann hátt að í stað þess að rekstraraðila væri heimil loðnuflokkun þá væri honum heimil flokkun á fiski.
- Bætt var við grein 1.10 sem fjallar um umhverfisábyrgð en í samræmi við lög um umhverfisábyrgð nr.55/2012 þá ber rekstraraðili ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi.
- Í grein 3.2 var bætt inn texta um að TVN skráningar skuli sendar eftirlitsaðila eftir hverja vertíð.
- Innsláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.